

## Reglur um veitingu launalausra leyfa starfsmanna Stykkishólmsbæjar

### 1. gr.

Umsókn um launalaust leyfi og ástæður skal send bæjarstjóra á þar til gerðum eyðublöðum [www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is) . Umsókn skal skila inn með fjögurra mánaða fyrirvara.

### 2. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að veita starfsmanni launalaust leyfi í allt að þrjú mánuði enda sé það ljóst að leyfi viðkomandi hafi ekki neikvæð áhrif á starfsemi viðkomandi stofnunar.

### 3. gr.

Launalaust leyfi er óheimilt að veita til lengri tíma en tólf mánaða. Bæjarráði/bæjarstjórn er heimilt að veita starfsmanni launalaust leyfi í allt að 12 mánuði þegar til þess teljast liggja ríkar ástæður. Jákvæð umsögn bæjarstjóra/forstöðumanns þarf þá að liggja fyrir. Til að eiga rétt á launalaus leyfi til 12 mánaða þarf viðkomandi starfsmaður að hafa unnið að lágmarki í 10 ár samfleytt hjá Stykkishólmsbæ.

### 4. gr.

Launalaust leyfi er óheimilt að veita, ef ástæður umsóknar eru eingöngu að starfsmaður hyggist ráða sig til annarrar vinnu.

### 5. gr.

Feli umsókn um launalaust leyfi í sér frávik frá reglum þessum, skal leggja hana fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu og rökfærsla fyrir samþykktu fráviks skal bókuð í fundargerð eða trúnaðarbók ef svo ber undir.

### 6. gr.

Ganga skal skriflega frá ráðningu starfsmanns, sem ráðinn er í stað þess sem veitt er launalaust leyfi og skal þess sérstaklega gætt, að ráðningin sé tímabundin og henni sé slitið án uppsagnar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms  
27. 02. 2014